

GANDÁLFUR 12081

(201214639010773)



Frá Keldudal, Hegranesi
Fæddur: 13. nóvember 2012
Ræktendur: Guðrún og Þórarinn

Faðir:

Koli 06003

Móðurætt:

M Hófý 400
Mf Stígur 97010
Mm Tinna 284
Mff Óli 88002
Mfm Skessa 368, Oddgeirshólum
Mmf Meitill 98008
Mmm 138, Marbæli, Óslandshlíð

Lýsing/umsögn:

Sægrár, kollóttur. Stórt og sterklegt ungnaut. Yfirlína góð, útlögur miklar og malir góðar. Fóstaða bein og góð, háfættur. Sjálfstæður í skapi. Einstaklega myndarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 977 g/dag.

Umsögn um móður:

Hófý 400 var fædd í febrúar 2005. Svört, kollótt. Hófý var felld vegna júgurbólgu í desember 2013 og var þá búin að mjólka í 6,7 ár, að meðaltali 9.453 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,39% sem gefur 321 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,20% sem gefur 397 kg af mjólkurfitu eða 718 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: **Hófý 400**

Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
122	103	96	107	102

Útlitsdómur

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
85	17	16	18	4

ELDAR 12089

(201216672811094)



Frá Birtingaholti 4, Hrunamannahreppi
Fæddur: 14. desember 2012
Ræktendur: Sigurður og Fjóla

Faðir:

Stássi 04024

Móðurætt:

M Svunta 567
Mf Laski 00010
Mm Skuppla 126
Mff Smellur 92028
Mfm Lubba 177, Dalbæ
Mmf Kaðall 94017
Mmm Dúfa 020

Lýsing/umsögn:

Dökkkolóttur, stjörnöttur, kollóttur. Sterkbyggður gripur, yfirlína góð og útlögur í meðallagi. Malir fullbrattar en jafnar. Fótstaða góð, í meðallagi háfættur. Mjög meðfærligur og sterklegur myndargripur. Meðalvaxtarhraði 875 g/dag.

Umsögn um móður:

Svunta 567 er fædd í desember 2007. Dökkkolskjöldótt, kollótt. Í árslok 2013 var hún búin að mjólka í 3,2 ár, að meðaltali 6.550 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,26% sem gefur 213 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,76% sem gefur 246 kg af mjólkurfitu eða 459 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: **Svunta 567**

Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
111	96	99	110	106

Útlitsdómur

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
86	17	16	17	5

SJARMÍ 12090
(201216676710763)



Frá Hrepphólum, Hrunamannahreppi
Fæddur: 16. desember 2012
Ræktandi: Ólafur Stefánsson

Faðir:

Koli 06003

Móðurætt:

M Baula 474
Mf Laski 00010
Mm Gýgja 368
Mff Smellur 92028
Mfm Lubba 177, Dalbæ
Mmf Stígur 97010
Mmm Viðbót 013

Lýsing/umsögn:

Rauðbröndóttur, kollóttur. Gripur í góðu meðallagi að vexti og stærð. Yfirlína mjög góð, útlögur miklar og malir prýðilega gerðar. Fótstaða sterkleg og í meðallagi háfættur. Aðeins ör í skapi. Sterklegur gripur. Meðalvaxtarhraði 963 g/dag.

Umsögn um móður:

Baula 474 var fædd í september 2007. Rauð, kollótt. Baula varð fyrir áföllum við burð í júní 2013 og var felld. Þá var hún búin að mjólka í 3,6 ár, að meðaltali 7.877 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,25% sem gefur 256 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,65% sem gefur 287 kg af mjólkurfitu eða 543 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: **Baula 474**

Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
119	99	102	112	100

Útlitsdómur

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
88	17	18	18	5

PRÚÐUR 12091
(201214414410542)



Frá Neðri-Torfustöðum, Miðfirði
Fæddur: 19. desember 2012
Ræktendur: Pétur og Bjarney

Faðir:

Birtingur 05043

Móðurætt:

M Rót 345
Mf Hjálmur 04016
Mm Rögg 290
Mff Pinkill 94013
Mfm Baula 421, Hjálmholti
Mmf Prakkari 96007
Mmm Rós 222

Lýsing/umsögn:

Dökkkollóttur, sokkóttur, hvítur á kvið, stjörnóttur, hnýflóttur. Í meðallagi sterkbyggður. Yfirlína frekar bein, útlögur góðar. Malir afbragð en fótstaða fremur veik, háfættur. Geðgóður og fremur myndarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 845 g/dag.

Umsögn um móður:

Rót 345 var fædd í nóvember 2006. Dökkkolskjöldótt, kollótt. Rót var felld í nóvember 2013 þar sem hún náði ekki að festa fang. Þá var hún búin að mjólka í 5,1 ár, að meðaltali 7.887 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,24% sem gefur 255 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,46% sem gefur 273 kg af mjólkurfitu eða 528 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: **Rót 345**

Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
121	85	95	110	101

Útlitsdómur

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
85	18	17	18	5

DÚETT 12097
(201216633010703)



Frá Egilsstaðakoti, Flóa
Fæddur: 27. desember 2012
Ræktendur: Einar og Elín

Faðir:

Birtingur 05043

Móðurætt:

- M Dúlla 593
- Mf Dúllari 07024
- Mm Svarta 386
- Mff Þollur 99008
- Mfm Dúlla 203, Villingadal
- Mmf Hófur 96027
- Mmm Blökk 273

Lýsing/umsögn:

Rauðskjöldóttur, kollóttur. Svipfríður með beina yfirlínu, útlögur í meðallagi. Malir jafnar, fremur afturdregnar og brattar. Fótstaða góð, fremur háfættur gripur og nokkuð ör í skapi. Fínbyggður og ræktarlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 893 g/dag.

Umsögn um móður:

Dúlla 593 er fædd í janúar 2010. Svört, kollótt. Í árslok 2013 var hún búin að mjólka í 1,9 ár, að meðaltali 6.959 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,39% sem gefur 236 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 4,48% sem gefur 312 kg af mjólkurfitu eða 548 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: **Dúlla 593**

Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
108	92	98	105	95

Útlitsdómur

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
83	17	16	18	4

POLKI 12099
(201216622810845)



Frá Brúnastöðum, Flóa
Fæddur: 30. desember 2012
Ræktandi: Ketill Ágústsson

Faðir:

Koli 06003

Móðurætt:

- M Auðlind 593
- Mf Spotti 01028
- Mm Gleði 360
- Mff Kaðall 94017
- Mfm Rönd 194
- Mmf Stígur 97010
- Mmm Prúð 223

Lýsing/umsögn:

Svartur með hvítt í afturfótum, hnýflóttur. Myndarlegur gripur með fremur ójafna yfirlínu en góðar útlögur. Malir mjög vel gerðar. Fótstaða góð og í meðallagi háfættur. Skapgóður, ræktarlegur og fínlegur gripur. Meðalvaxtarhraði 833 g/dag.

Umsögn um móður:

Auðlind 593 er fædd í janúar 2009. Rauðhuppótt, kollótt. Í árslok 2013 var hún búin að mjólka í 2,9 ár, að meðaltali 6.902 kg mjólkur á ári. Próteinhlutfall var 3,20% sem gefur 221 kg af mjólkurpróteini og fituhlutfall 3,90% sem gefur 269 kg af mjólkurfitu eða 490 kg af verðefnum á ári að jafnaði.

Nafn og nr. móður: **Auðlind 593**

Kynbótamat

Mjólk	Fita %	Prótein %	Heild	Frumutala
119	99	88	108	97

Útlitsdómur

Stig alls	Júgur	Spenar	Mjaltir	Skapgerð
89	18	18	18	5